

Einnota plastvörur

Hvað er leyfilegt og hvað ekki?

Gró Einarsdóttir (gro.einarsdottir@umhverfisstofnun.is)

Af hverju?

- Of mikið magn einnota plastvara
- Líftíminn er stuttur
- Mikið af einnota plasti í náttúrunni
- ESB tilskipun – ákveðnum einnota plastvörum sett takmörk
- Innleidd með breytingum á lögum 7/1998, taka gildi 3. júlí 2021



Hvaða ákvæði?


- Ákvæði laganna eru ekki almenn fyrir allt plast, heldur gilda um tiltekna plastvörur
- Skipta má ákvæðunum í fernt
 - A. Bann við að setja á markað
 - B. Bann við afhendingu án endurgjalds
 - C. Samsetning einnota drykkjaríláta
 - D. Merkingaskylda

Hvað er plast?

- Mjög víðtæk skilgreining
- Vara merkt “ég er ekki plast” getur verið plastvara í skilningi laganna
- Náttúrulegum fjölliðum er breytt með **efnafræðilegum hætti** og oft **íblöndunarefnum** bætt við
- Einliður = legókubbar | Fjölliður = legóhús
- **Maís, bómull, tré, pappi, getur allt orðið að plasti!**
- Náttúrulegar fjölliður = **EKKI** plast = legóhús sem er byggt úr legókubbunum
- Plast fjölliður = legóhús sem er byggt úr legókubbum með efnafræðilegum hætti

Er lífplast líka plast?

Já!



1-100 % plast?


Lögin gilda sama
hvort tiltekin vara
sé gerð úr plasti
að hluta til eða að
öllu leyti.



A. Bann við að setja á markað

Þetta má ekki setja á markað


Að setja á markað er þegar vara er í fyrsta sinn afhent hér á landi í atvinnuskyni



Plast sem er niðurbriótanlegt með oxun


- Óheimilt er að setja á markað **hverja þá vöru** úr plasti sem er niðurbriótanleg með oxun (e. oxo-degradable).
- Plast sem er niðurbriótanlegt með oxun er efni úr plasti sem inniheldur íblöndunarefni sem leiða til þess með oxun að plastefnið sundrast í öragnir eða úr verður efnafræðilegt niðurbrot.
- Hefðbundið plast er stundum markaðsett sem niðurbriótanlegt ef búið er að meðhöndla það með þessum íblöndunarefnum.






Græna lausnin í

Deilipjónustur



- Sumum einnota vörum er hægt að breyta í þjónstu
- Kaffimál sem þjónusta
- Matarílát sem þjónusta
- Einnota hnífapör sem þjónusta
- Hægt að nota nýjustu tækni eins og lán gegnum QR kóða
- Mikilvægt að hafa gott aðgengi að skilastöðvum




Græna lausnin i

Sleppa óþarfa

þurfum við þetta?






Gula lausnin



Selja margnota





Rauða lausnin

Skipta einnota út
fyrir einnota



B. Bann við afhendingu án endurgjalds

Bann við afhendingu án endurgjalds

Endurgjaldið verður að koma skýrt fram og vera sýnilegt á kvittun

1. Bolla og glös fyrir drykkjarvörur, þ.m.t. lok þeirra




2. Matarílát með eða án loks



Sölustaðir vara


Endurgjaldskrafan gildir bara við afhendingu á sölustöðum vara






Græna lausnin

Deilipjónustur




- Bollar og glös sem þjónusta
- Matarílát sem þjónusta
- Hægt að nota nýjustu tækni eins og lán gegnum QR kóða
- Mikilvægt að hafa gott aðgengi að skilastöðvum



Gula lausnin

Færa staðsetningu á
einnota drykkjar á
matarílátum

- Munið að markmið laganna er að minnka magn einnota plastvara
- Rannsóknir sýna að þægindi við kaup skipta mestu máli
- Hægt að hafa áhrif á þetta með því að:
 1. Færa staðsetningu á einnota vörum svo viðskiptavinir þurfi að biðja um þær
 2. Leyfa sjálfafgreiðslu fyrir viðskiptavinum sem koma með eigin ílát
 3. Spyrja alltaf – þarftu ílát?



Rauða lausnin

Skipta einnota út
fyrir einnota



- Það þarf ekki að setja endurgjald á matarílát sem eru að öllu leiti úr náttúrulegum fjölliðum
- Það getur verið erfitt að finna glös, og matarílát sem eru ekki með plastfilmu
- Auðveldast er því að fylgja lögunum með því að setja endurgjald á bolla, glös og matarílát
- Krafan um endurgjald gildir bara á sölustöðum


C. Samsetning einnota drykkjaríláta

Samsetning einnota drykkjaríláta

- Einnota plastflöskur fyrir drykkjarvörur sem settar eru á markað skulu gerðar úr endurunnu plasti að hluta til
- Það verður nánar kveðið á um þetta í reglugerð sem gefin verður út í maí
- Markmið ESB:
 - 25% úr endurunnu plasti 2025
 - 30% úr endurunnu plasti 2030




Græna lausnin



Áreiðanlegu umhverfismerkin

- Mikilvægt að passa að plastið sé sannarlega endurunnið
- Velja endurunnið plast með áreiðanlegu umhverfismerki
 - Blái engillinn
 - Svanurinn
 - Evrópublómið
 - Bra miljöval
- Veljið endurunnið plast sem hægt er að endurvinna aftur og er í lit sem er eftirspurn eftir





Rauða lausnin

- Að velja grænþvegið „endurunnið“ plast
- Að velja endurunnið plast úr efni sem ekki er hægt að endurvinna aftur eða ekki er eftirspurn eftir


D. Merkingaskylda

Merkja ber þessar vörur




Hvernig á að merkja?

- Ráðherra mun setja reglugerð í lok maí um merkingar á þessum vörum
- Merkingar í samræmi við ESB reglugerð
- Hún tekur gildi f.o.m. 3. júlí 2021
- Merkingar skulu vera áprentaðar eða greyptar í vöruna, en mega vera álímdar fram til 3. júlí 2022
- Fyrirtækjum er skylt að þýða textann yfir á íslensku




Græna lausnin i

Skipta út einnota fyrir fjölnota



Græna lausnin ii




Passa að merkja með flokkunarleiðbeiningum OG plast leiðbeiningum



- ✓ Merkja vöru skv. reglugerð
- ✓ Passa að merkingar séu á íslensku
- ✓ Bæta við flokkunarmerkingum FENÚR

Rauða lausnin



Rugla neytendur í rýminu



- ✓ Merkja vörur sem flokka á sem pappa eða lífrænt bara með merkingu um að plast sé í vörunni


Hvað fellur fyrir utan lögin?

Allar margnota vörur

Sama hvort þær eru úr plasti eður ei

Margnota vörur eru hugsaðar, hannaðar og settar á markað til að fara í gegnum margar hringrásir. Vörunni er svo skilað aftur til framleiðenda til enduráfyllingar eða endurnotkunnar

- Ekki nóg að hægt sé að nota vöru oft til að hún teljist fjölnota
- Þarf að vera fjölnota í sama tilgangi **OG** henni verður að vera hægt að skila aftur til enduráfyllingar eða endurnotkunnar



Umbúðir

Úr plasti sem lögin tilgreina ekki



Matarílát eru ætluð undir matvæli til neyslu. Matarins er alla jafna neytt beint úr ílátinu og tilbúinn til neyslu strax


Umbúðir eru pakkningar á vöru sem vernda og varðveita vöru

- **Fyrsta stigs** – umbúðir í beinni snertingu við vöruna
- **Annars stigs** – safna saman vörum eða láta vöruna líta vel út í búðarhillum
- **Þriðja stigs** - flutningsumbúðir

Nýsköpunarlausnir
Sumar lausnir eru ekki enn til...

Hringrásarhagkerfið

Þetta er framtíðin!



Spurningar?